

Skúlagata – Frakkastígur 1

Fornleifaskrá

Anna Líska Guðmundsdóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 206




Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Skúlagata – Frakkastígur 1

Fornleifaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 206

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: AGH Hús 187. Ljósmyndari: Amatörvinnustofa G.
Ásgeirssonar

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 206

Reykjavík 2020

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1 Saga svæðisins.....	5
2 Almennt um verndun menningarminja.....	10
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	11
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	13
4.1 Fornleifaskrá fyrir Skúlagötusvæði og Frakkastíg 1	13
4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	17
Heimildir	18
Viðauki	20

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á svæði sem er skilgreint sem hluti af svæði sem telst til „Skúlagötu-skipulagsins“¹ Afmörkun deiliskipulagsins er lóðin Frakkastígur 1, auk svæðis sem nær yfir Sæbraut og Skúlagötu, frá Skúlagötu 9 að Skúlagötu 13, sjá afmörkun á mynd 1.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.²

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðhättum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Október 2020
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur


¹ Skúlagötusvæði, breytt deiliskipulag: Skýringaruppdráttur 02.04.2020. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/frakkastigur-skulagata-0>

² Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um svæði við norðurströnd Reykjavíkur skilgreint sem hluti af svæði sem telst til „Skúlagötu-skipulagsins“³ Afmörkun deiliskipulagsins er lóðin Frakkastígur 1, auk svæðis sem nær yfir Sæbraut og Skúlagötu, frá Skúlagötu 9 að Skúlagötu 13, sjá afmörkun á mynd 1. Svæðið er að hluta til landfylling þar sem nú eru aðallega umferðarmannvirki en ásýnd svæðisins hefur að mestu verið eins frá árinu 1995.⁴ Áður hafði Skúlagatan verið lögð og sjóvarnargarður með henni frá um 1915 til 1930.⁵

Landsvæðið, sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir, skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem er skilgreint sem *deiliskipulagssvæði Skúlagata – Frakkastígur 1* tilheyrði áður bújörðinni Arnarhól.



Mynd 1. Afmörkun úttektarsvæðis með svartri brotalínu, deiliskipulag Skúlagata – Frakkastígur 1.⁶

³ Skúlagötusvæði, breytt deiliskipulag: Skýringaruppráttur 02.04.2020. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/frakkastigur-skulagata-0>

⁴ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/> Loftmynd frá árinu 1995.


⁵ Kort Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915-1918 og Skipulagsuppráttur af Reykjavík innan Hringbrautar frá árinu 1927, afrit, Kortasafn Borgarsögusafns.

⁶ Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Á korti frá árinu 1887, sem sýnir svæðið, var byggðin í Skuggahverfi farin að teygja sig til suðausturs með norðurströndinni, en tómthúsbýlin Móakot, Miðhús og Byggðarendi voru þar við ströndina auk annarra bæja. Við ströndina fyrir framan býlin voru lendingarnar Miðhúsavör, Móakotsvör og Byggðarendavör. Móakotsvör var rétt austan við Miðhúsavör, en varinarn aðgreindust með moldarkambi, sem var sýnilegur þegar lágsjávað var. Byggðarendavör var síðan fram af þeim bæ, sjá mynd 2.⁷



Mynd 2. Byggðarendavör og Byggðarendi (Frakkastígur 2), um 1920.⁸



Mynd 3. Kort Benedikts Gröndal frá árinu 1887, varpað á nútímagrunn í LUKR.⁹

⁷ Einar S. Arnalds; *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund*. 4. bindi, bls. 66.

⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; EPB 001 103 1-1. Ljósmyndari Eggert P. Briem. 1920.

⁹ Hluti af korti Benedikts Gröndal frá árinu 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Upp úr aldamótum 1900 var reynt að koma betra lagi á slátrun búfjár í bænum, sem fór almennt fram við óviðunandi aðstæður. Þegar Sláturfélag Suðurlands reisti stórt, nýttu sláturhús við Skúlagötuna árið 1907 komst slátrun í Reykjavík í viðunandi horf, þó svo að um hríð tóðkaðist áfram að slátra í kaupmannsportum og við heimahús.¹⁰

Sláturhúsið var reist í landi Frostastaða, norðan við við Franska spítalann (Lindargata 51) og hafði franskir konsúllinn áhyggjur af sýkingarhættu vegna nálægðar við sláturhúsið.¹¹ Þegar kort frá árinu 1902 er skoðað kemur í ljós, að sennilega er búið að leggja drög að þessu sláturhúsi fyrr, eða um aldamótin 1900, því þá þegar standa tvö hús á þessum slóðum sem tilheyrðu líklega sláturhúsinu.

Frakkastígur var lagður árið 1903 og dró nafn sitt af Franska spítalanum, sem var reistur 1902 á lóð sem nú er Lindargata 51.¹²



Mynd 4. Kort frá árinu 1902 sem sýnir byggðina á svæðinu. Húsin tvö fyrir norðan spítalann hafa líklega tilheyrð Sláturfélagi Suðurlands.¹³

Óþreyjan eftir betri hafnaraðstöðu í Reykjavík var mikil og réðust ýmsir útgerðarmenn í bryggjasmíð um og eftir aldamótin 1900, einkum framan við Skuggahverfið. Árið 1899 byggði Jón Þórðarson kaupmaður bryggju niður af Vatnsstíg. Útgerðarfélagið Kveldúlfur stækkaði bryggjuna mikið árið 1914 til þess að togarar gætu lagst að henni og var hún kölluð Kveldúlfsbryggjan. Niður af Barónsstíg var bryggja barónsins á Hvítarvöllum, síðar kölluð Sjávarborgarbryggjan. Þorsteinn Þorsteinsson lét gera litla steinbryggju niður af Bakkabúð (Lindargötu 45) árið 1903. Árið 1906 fékk

¹⁰ Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar, 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 60.

¹¹ Páll Línal; *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund*. 3. bindi, bls. 69.

¹² Guðný Gerður Gunnarsdóttir; *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*, bls. 9.

¹³ Landmælingar Íslands: *Reykjavík*, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902.

trésmiðjan Völundur leyfi til að byggja bryggju niður af Klapparstíg og var hún m.a. notuð fyrir Bátasmíðastöð Reykjavíkur. Þá fengu Sláturfélag Suðurlands og Garðar Gíslason stórkaupmaður leyfi til að smíða hafskipabryggjur niður af sínum lóðum.¹⁴

Skúlagata var slóði meðfram sjónum sem myndaðist samhliða því að fyrirtæki fluttu starfsemi sína á svæðið. Gatan er kennd við Skúla Magnússon landfógeta og var nafngiftin ákveðin 1918. Eldra nafn á götunni var Vindheimagata og náði hún framan af aðeins frá Kalkofnsvegi að Klapparstíg, en árið 1914 var hún lögð áfram inn að Barónsstíg.¹⁵

Teinar járnbrautarinnar voru lagðir með sjónum. Lestin brunaði eftir þeim með vagnana fulla af grjóti frá Öskjuhlíð að Ingólfsгарði, vegna hafnargerðarinnar 1913-1917. Þegar verkinu lauk, voru teinarnir teknir upp og gatan lagfærð og grjótgarður hlaðinn meðfram sjónum.¹⁶



Mynd 5. Kort frá árinu 1915-18. Þar má sjá Kveldúlfsbryggjuna vestast, bryggju Þorsteins Þorsteinssonar framundan Bakkabúð og bryggju Sláturfélagsins. Á lóðinni Frakkastígur 1 er hús sem líklega tilheyrði Sláturfélagi Suðurlands. Brotna línán, þar sem Skúlagata var lögð síðar, táknar járnbrautarteinana.¹⁷

Grjótið úr bryggjunum var líklega notað í sjóvarnargarð, sem gerður var með Skúlagötunni fyrir árið 1930, sjá mynd 7.¹⁸

¹⁴ Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar, 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 320-321.

¹⁵ Guðjón Friðriksson; *Alfræði Reykjavíkur* <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

¹⁶ Guðný Gerður Gunnarsdóttir; *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*, bls. 9.

¹⁷ Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1918 varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.

¹⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; ÁBS LS 30-21, Loftur Guðmundsson 1930.



Mynd 6. Horft í austur, þar sem Skúlagata var lögð síðar, um 1920. Bryggjurnar fyrir neðan Kveldúlshúsið og bryggja Þorsteins Þorsteinssonar þar fyrir austan.¹⁹

Húsið sem var á lóðinni Frakkastíg 1 var líklega rífið um 1950 og 1957 var hús sem hýsti Færeyingaheimilið byggt á lóðinni.²⁰ Það var síðan flutt af lóðinni árið 1994.²¹



Mynd 7. Loftmynd af svæðinu, horft í vestur, árið 1930. Sjóvarnargarður er með allri Skúlagötunni, en líklega hefur grjótið úr bryggjunum sem voru þar við ströndina verið sett í garðinn. Hluti af Kveldúlfsbryggjunni stendur þó enn.²²

Engin byggð er í dag á þessu deiliskipulagssvæði, lóðin Frakkastígur 1 er notað sem bílastæði og þar er en að sjá steyptar undirstöður Færingaheimilisins.

¹⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; AGH Hús 187, Amatörvinnustofa G. Ásgeirssonar.

²⁰ *Alþýðublaðið* 8. sept. 1957.

²¹ Guðjón Friðriksson; Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

²² Ljósmyndasafn Reykjavíkur; ÁBS LS 30-21 Loftur Guðmundsson, 1930.

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmála-ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.²³

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

²³ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.



- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalaus. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Þjörgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2020) eru um 3.700 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2418**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og

minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðhættum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.²⁴

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Fornleifar innan og rétt við úttektarsvæðið voru skráðar og mældar upp með Trimble staðsetningartæki (þ.e.a.s. minjar á áhrifasvæði framkvæmdanna). Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

²⁴ Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.


4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja fyrir svæði við norðurströnd Reykjavíkur, skilgreint sem hluti af svæði sem telst til „Skúlagötu-skipulagsins“²⁵ Afmörkun deiliskipulagsins er lóðin Frakkastígur 1, auk svæðis sem nær yfir Sæbraut og Skúlagötu frá Skúlagötu 9 að Skúlagötu 13, sjá afmörkun á mynd 1.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram áður á þessu svæði, en fyrir liggur skýrsla frá 1985: *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*.²⁶ Skráningin tekur mið af núgildandi lögum um menningarminjar 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.²⁷ Minjastofnun úthlutar skráningaradilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2415**.

Vettvangsrannsókn fór fram 14.10.2020. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Upplýsingum úr þessari fornleifaskrá hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt skráningarstöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.²⁸

4.1 Fornleifaskrá fyrir Skúlagötusvæði og Frakkastíg 1



²⁵ Skúlagötusvæði, breytt deiliskipulag: Skýringaruppdráttur 02.04.2020. <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/frakkastigur-skulagata-0>

²⁶ Guðný Gerður Gunnarsdóttir; *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*.

²⁷ Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013 – *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

²⁸ Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum - Landupplýsingar gögn: punktaskrár, línu- og flákagögn*, 2016. *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

²⁹ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/>

Arnarhóll 7-138 Móakotsvör

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-138	Móakotsvör	Vör	Heimild	1890-1930	357699	408252			Ómetið	Já

Staðhættir: Móakotsvör var niður af kotinu Miðhúsum í Skuggahverfi. Kveldúlfshúsin risu fyrir norðan Móakot. Móakotsvör var rétt austan við Miðhúsavör, en varinnar aðgreindust með moldarkambi, sem kom í ljós þegar lágsjávað var.³⁰ Varinnar voru á móts við þar sem nú er Skúlagata 18.

Lýsing: Horfið undir landfyllingu.

Arnarhóll 7-139 Miðhúsavör

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-139	Miðhúsavör	Vör	Heimild	1880-1930	357733	408208			Ómetið	Já

Staðhættir: Miðhúsavörin var niður af Miðhúsum í Skuggahverfi. Miðhúsavör var vestan við Móakotsvör en varinnar aðgreindust með moldarkambi, sem kom í ljós þegar lágsjávað var.³¹ Varinnar voru á móts við þar sem nú er Skúlagata 18..

Lýsing: Horfið undir fyllingu.

Arnarhóll 7-140 Byggðarendavör

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-140	Byggðarendavör	Vör	Heimild	1880-1930	357773	408175			Ómetið	Já

Staðhættir: Byggðarendavör var niður af Byggðarenda í Skuggahverfi.³² Vörin voru á móts við þar sem nú er Skúlagata 22., sjá mynd 2.

Lýsing: Horfið undir landfyllingu.

Arnarhóll 7-141 Gata

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-141		Gata	Heimild	1902	357754	408191			Ómetið	Já

Staðhættir: Gata lá frá Bakkabúð, sem var áður Lindargata 23 og 25, niður í fjöru.³³ Er nú Lindargata 37 og Skúlagata 20.

Lýsing: Horfin vegna framkvæmda og bygginga.

Arnarhóll 7-142 Hús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-142		Hús	Heimild	1900	357773	408136	20	12,5	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Á lóðinni sem er nú Frakkastígur 1, á horni Frakkastígs og Skúlagötu. Húsið er risið fyrir árið 1902, líklega í landi Frostastaða, en Sláturfélag Suðurlands fékk úthlutað lóð úr landi Frostastaða á sínum tíma. Líklega eitt af þeim fyrstu sem SS byggði á þessu svæði, auk annars sem

³⁰ Einar S. Arnalds; *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 66.

³¹ Einar S. Arnalds; *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 66.

³² Einar S. Arnalds; *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 66.

³³ Landmælingar Íslands: *Reykjavík*, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902.

stóð aðeins austar og norðar, sjá kort frá árinu 1902. Um 1940 til 1950 var starfsemi Sláturfélagsins í þessu húsi, þ.e.a.s. gærusöltun og fleira.³⁴

Lýsing: Líklega horfið að mestu. Húsið var úr timbri, um 20x12,5 m. Húsið hefur verið með mænispaki en viðbygging að vestan var með skúrþaki, sjá mynd 9.



Mynd 9. Horft í suðvestur, næst er Skúlagatan, til vinstri eru hús Sláturfélags Suðurlands, hægra megin við þau er umrætt hús (7-142), nú lóðin Frakkastígur 1. Bak við það hús, í suður, er svo Franski spítalinn, Lindargata 51. Hægra megin, hinum megin við Frakkastíginn, er steinbærinn Byggðarendi. Myndin er líklega tekin árið 1930.³⁵

Arnarhóll 7-143 Færeyingaheimilið

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-143	Færeyingaheimilið	Félagsheimili	Heimild	1957- 1994	357783	408145	15	7,5	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Húsið stóð á horni Skúlagötu og Frakkastígs, þar sem nú er Frakkastígur 1. Byggt 1957 á steiptum sökkjum. Húsið kom í flekum sem smíðaðir voru í Þórshöfn og tók tvær vikur að reisa húsið.³⁶ Árið 1994 var húsið flutt,³⁷ líklega í Kópavog.³⁸

Lýsing: Horfið að mestu, hugsanlega er sökkulinn eftir, sjá mynd 10.

³⁴ Upplýsingar á Facebook-síðunni Gamlar ljósmyndir: 12.10.2020.

³⁵ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; ÁBS LS30-50. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson, hluti úr mynd, 1930.

³⁶ *Alþýðublaðið*, 8.9.1957.

³⁷ Guðjón Friðriksson; Alfræði Reykjavíkur <http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

³⁸ Upplýsingar á Facebook-síðunni Gamlar ljósmyndir: 12.10.2020.



Mynd 10. Færeyingaheimilið á horni Skúlagötu og Frakkastígs.³⁹

Arnarhóll 7-144 Járnbraut

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-144		Járnbrautar- teinar	Heimild	1913- 1917	357778	408161			Ómetið	Já

Staðhættir: Stórfellt grjótnám hófst í Öskjuhlíð árið 1913, í tengslum við hafnargerð í Reykjavík. Grjótið var sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður í Reykjavíkurböfn til hafnargerðar. Járnbrautar-teinar lágu frá námunni að Snorrabraut og síðan með ströndinni þar sem síðar varð Skúlagata og enduðu við Ingólfsgarð. Teinarnir voru fjarlægðir áður en gatan var lögð endanlega.⁴⁰

Lýsing: Horfnir.

Arnarhóll 7-145 Kveldúlfsbryggja

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-145	Kveldúlfsbryggja	Bryggja	Heimild	1899	357709	408245	60	26	Ómetið	Já

Staðhættir: Árið 1899 byggði Jón Þórðarson kaupmaður bryggju niður af Vatnsstíg. Sú bryggja var stækkuð mikið árið 1914 af útgerðarfélaginu Kveldúlfi, þannig að togarar gætu lagst að henni og var þá kölluð Kveldúlfsbryggjan.⁴¹

Lýsing: Horfin. Bryggjurnar voru fyrst tvær til þrjár, steinhlaðnar, og hallaði þeim fram í sjó. Árið 1930 var bryggja einn og bakki með ströndinni og allt voru þetta steinhlaðin mannvirki, sjá mynd 7. Allt grjót úr bryggjunni og kantinum hefur verið fjarlægt fyrir 1957, samanber loftmynd frá þeim tíma.⁴²

³⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SPÓ ÁBS 1209. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1973.

⁴⁰ Þorleifur Þorleifsson, „Járnbrautin í Reykjavík“, Sagnir 11. árgangur 1973, bls. 127-128 og Guðný Gerður Gunnarsdóttir; *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*, bls. 7.

⁴¹ Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar, 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 320-321.

⁴² LUKR; Loftljósmynd frá árinu 1957.

Arnarhóll 7-146 Bryggja Þorsteins Þorsteinssonar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-146	Bryggja Þorsteins Þorsteinssonar	Bryggja	Heimild	1900- 1930	357775	408223	30	4	Ómetið	Já

Staðhættir: Bryggjan var austan við bryggjur Kveldúlfs, fyrir framan þar sem nú er Skúlagata 20. Við bryggjuna var hús eða kofi, 4x6 m, sem er skráð á sama númer.⁴³

Lýsing: Horfin, bryggjan var hlaðin úr grágrýti og hallaði fram, hún var um 30 m löng og 4 m breið. Ekki er hægt að sjá annað en að hún hafi verið rifin og grjótið þá líklega notað í sjóvarnargarðinn við Skúlagötu, sjá myndir 6 og 7.

Arnarhóll 7-147 Sjóvarnargarðurur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-147		Sjóvarnar- garðurur	Heimild	1928	357786	408163			Ómetið	Nei

Staðhættir: Samhliða gerð Skúlagötunnar var hlaðinn sjóvarnargarðurur norðan við götuna frá Klöpp og austur úr. Þetta hefur verið gert fyrir 1930. Líklega hefur grjótið úr bryggjum Þorsteins Þorsteinssonar og Sláturfélags Suðurlands verið tekið í þennan garð, því þær bryggjur eru horfnar árið 1930.

Lýsing: Garðurinn er horfinn undir landfyllingu, en hann var hlaðinn úr grágrýti með hallandi sniði,⁴⁴ sjá mynd 7.

4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Á framkvæmdasvæðinu eru skráðir 10 minjastaðir undir jörðina Arnarhól. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá heimildum. Átta þeirra teljast til fornleifa og eru elstu minjastaðirnir varirnar þrjár, Miðhúsavör, Móakotsvör og Byggðarendavör, en líklega hafa þær allar verið ruddar á svipuðum tíma, eða á seinni hluta 19. aldar. Um og upp úr aldamótum var byggt hús á lóðinni Frakkastíg 1, sem líklega tilheyrði Sláturfélagi Suðurlands. Leifar hússins er líklega enn að finna í jörðu á þeirri lóð. Í framhaldi voru Kveldúlfsbryggjan (7-145) og bryggja Þorsteins Þorsteinssonar (146) byggðar, grjótið úr þeim hefur verið fjarlægt. Yngri minjar eru svo sjóvarnargarðurur (7-147) sem var hlaðinn með Skúlagötunni fyrir árið 1930 og er hann líklega enn óhreyfður undir landfyllingunni. Minjar yngri en frá 1931 eru grunnur Færeyingaheimilisins.

Tafla 2. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegund minja	Litur flokks	Fjöldi skráðra minja
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	8
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	1
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn	1
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	0

Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

⁴³ Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar, 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 320-321 og Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar 1915-1918 varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.

⁴⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; ÁBS LS 30-21 Loftur Guðmundsson, 1930.

Heimildir

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir / Skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.
Kortasafn.
Ýmis kort og uppdrættir.
Skjalasafn um fornleifar.
Rafræn gögn.
Ljósmyndir teknar við vettvangskonun.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
Ljósmyndir úr safneign.

Minjastofnun Íslands:

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt 30.09.2019 af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Landmælingar Íslands:

Reykjavík, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Alþýðublaðið, 8. sept. 1957.

Einar. S. Arnalds; *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund*. 4. bindi. Reykjavík 1989.

Guðjón Friðriksson; *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík 1991.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir; *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vitastígs*.

Járnbrautin í Reykjavík: Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi, Árbæjarsafn 1982.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.9.2020.

Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit

Pál Línal; *Saga Reykjavíkur. Sögustaður við Sund*. 3. Reykjavík 1989.

Þorleifur Þorleifsson; „Járnbrautin í Reykjavík“, Sagnir 11. árgangur 1973.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn: <http://sarpur.is/>

Teikningavefur Reykjavíkurborgar: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/> → Söfn:
Skipulagsuppdættir. Aðaluppdættir.

Vefur alþingis: <http://www.althingi.is/>.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur

Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur
<http://archive.ph/Xzmet#selection-54031.0-54033.409>

Vefur Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/>.


Vefur Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulag → Skipulag í
kynningu / Skúlagata – Frakkastígur. Sótt í sept. 2020.

Viðauki

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-138	Móakotsvör	Vör	Heimild	1890-1930	357699	408252			Ómetið	Já
7-139	Miðhúsavör	Vör	Heimild	1880-1930	357733	408208			Ómetið	Já
7-140	Byggðarendavör	Vör	Heimild	1880-1930	357773	408175			Ómetið	Já
7-141		Gata	Heimild	1902	357754	408191			Ómetið	Já
7-142		Hús	Heimild	1900	357773	408136	20	12,5	Ómetið	Að mestu
7-143	Færeyingaheimilið	Félagsheimili	Heimild	1957-1994	357783	408145	15	7,5	Ómetið	Að mestu
7-144		Járnbrautar- teinar	Heimild	1913-1917	357778	408161			Ómetið	Já
7-145	Kveldúlfsbryggja	Bryggja	Heimild	1899	357709	408245	60	26	Ómetið	Já
7-146	Bryggja Þorsteins Þorsteinssonar	Bryggja	Heimild	1900-1930	357775	408223	30	4	Ómetið	Já
7-147		Sjóvarnar- garður	Heimild	1928	357786	408163			Ómetið	Nei

Minjakort



Ljómyndir af svæðinu



Mynd 11. Bílastæði, Frakkastígur 1.



Mynd 12. Steyptur grunnur Færingahemilsins á lóð Frakkastíg 1.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjálarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
- 173 Anna Lís Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
- 174 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
- 175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.
- 176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
- 177 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitir*. Rvk. 2016.
- 178 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
- 180 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
- 181 María Gísladóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Ellíðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
- 184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitir. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
- 185 Anna María Bogadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
- 186 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
- 187 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
- 188 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
- 189 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegjar frá Leirvogsa að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneijarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjálarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfssdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Alma Sigurðardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellíðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.